

yfir „um stórstraumsflóð“ brotið gegn ákvæðum 63. gr. stjórnarskrárinnar, og hafi hann því hlotið að fara í mál til þess að fá greind lög ógild í þessu falli. Stefnda hefur aftur talið, að hafnarlögin væru í samræmi við stjórnarskrána, enda fái landeigandi endurgjald í auknu landverði sbr. og 11. gr. hafnarlaganna.

Eins og tekið hefur verið fram, byggir stefnandinn kröfu sína á því, að 10. gr. hafnarlaganna sé eigi í samræmi við 63. gr. stjórnarskrárinnar. Á þetta getur rétturinn eigi falli. Rétturinn lítur svo á, að Alþingi hljóti að hafa heimild til að ráðstafa landi, sem nauðsynlegt er til að þjóðþrifafyrirtæki eins og höfnin verði byggð. Og rétturinn lítur svo á, að hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps geti örugglega gengið út frá því, að hún eigi land það allt, sem ákveðið er í 10. gr. hafnarlaganna og þá einnig það land, sem hér ræðir um, enda verði að lita svo á, að Alþingi hafi á engan hátt brotið gegn stjórnarskrá landsins með löggjöf þessari. Hitt er aftur annað mál, en um það verður eigi ákveðið undir þessu máli, hvort eigandi jarðarinnar eigi kröfu til skaðabóta eftir skaðabótareglum eða á annan hátt úr rikissjóði.

Samkvæmt því, sem tekið er fram hér að ofan, ber að sýkna hina stefndu hreppsnefnd af kröfu stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps, Tryggvi Jónsson oddviti, Jóhann Jónsson, Kristinn Jónsson, Stefán Guðnason, allir til heimilis í Dalvík, Páll Friðfinnsson, Hrappsstöðum, og Stefán Björnsson, Grund, Jón Gíslason, Hofi, fyrir hönd hreppsins, eiga sýknir að vera af kröfum stefnandans, Stefáns Jónssonar, Brimnesi.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 11. desember 1944.

Nr. 78/1944. H/f Júpíter (Einar B. Guðmundsson)
gegn

Sjómannafélagi Reykjavíkur
(Sigurgeir Sigurjónsson).

Uppsögn skiprúmssamnings háseta.

Dómur hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 12. júní þ. á. Krefst hann þess, að honum verði að-

eins gert að greiða stefnda laun fyrir eins dags uppsagnartíma Sigurðar Þórarinssonar, kr. 40.87, án vaxta. Svö krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Sigurður Þórarinsson, er í málinu greinir, var ráðinn háseti á skip áfrýjanda um óákveðinn tíma. Áfrýjanda var því heimilt samkvæmt 13. gr. sjómannalaga nr. 41/1930 að segja honum upp skiprúmssamningnum með eins dags fyrirvara, enda færi stefndi úr skiprúminu í íslenskri höfn, og er 10. gr. kjarasamnings þess, er í héraðsdómi getur, ekki til fyrirstöðu þessu. Með því að skilyrði uppsagnar samkvæmt nefndri 13. gr. sjómannalaga voru fyrir hendi, þykir verða að taka til greina kröfu áfrýjanda um lækkun dæmdrar fjárhæðar.

Eftir atvikum þykir mega ákveða, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, h/f Júpiter, greiði stefnda, Sjómannafélagi Reykjavíkur, kr. 40.87.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 27. apríl 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. þ. m., hefur Sjómannafélag Reykjavíkur höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu 4. janúar þ. á. gegn Tryggva Ófeigssyni, Reykjavík, f. h. eigenda b/v Júpíters, Hafnarfirði, til greiðslu á kr. 3101.98 ásamt 5% ársvöxtum frá 4. jan. 1944 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndur krefst sýknu gegn greiðslu á eins dags kaupum og að honum verði dæmdur málskostnaður eftir mati dómsins.

Málsatvik eru þau, að b/v Júpiter kom til Hafnarfjarðar frá Englandi þann 6. nóv. 1943 kl. um 8 f. h. Á skipinu var þá sem

háseti Sigurður nokkur Þórarínsson. Er hann ætlaði um kl. 7 f. h. morguninn eftir að fara til skips, kom í ljós, að skipið hafði farið um kl. 1—2 um nóttina. Út af þessu taldi nefndur Sigurður sig eiga kröfu á hendur stefndum um kaup, fæðispeninga og lifrarhlut fyrir þá veiðiaðferð með skipinu, er hann varð af, en skipið kom aftur úr henni þann 2. des. 1943. Samkvæmt sundurliðuðum reikningi nemur krafa Sigurðar hinni umstefndu fjárhæð, og hefur hann framselt stefnanda þessa kröfu.

Stefnandi byggir kröfu sína á því, að nefndum Sigurði hafi ekki verið tilkynnt, hvenær skipið myndi láta úr höfn né hafi honum verið sagt upp skiprúmssamningi, en hann hafi talið sig eiga og átt hafnarfri í 24 klst. samkvæmt 10. gr. samnings frá 30. sept. 1942 milli sjómannafélaganna annars vegar og Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda hins vegar.

Stefndur byggir sýknukröfu sína gegn greiðslu á eins dags kaupum á því, að nefndum Sigurði hafi mátt segja upp með eins dags fyrirvara. Ætlunin hafði verið að segja Sigurði upp stöðunni, en ekki hafði náðst til hans, meðan skipið stóð við, þar sem hann hafi farið af skipsfjöl strax og skipið kom í höfn og ekki látið sjá sig eftir það. Var því ekki hægt að koma uppsögninni til hans fyrir en mánudaginn þann 8. nóv. 1943. Þá telur stefndur, að skipverjar verði sjálfir að hafa gát á brottfarartíma skipsins og stefnandi geti því engan rétt sér til handa byggt á því, að nefndur Sigurður var ekki látinn vita um hann. Loks mótmælir stefndur því, að nefndur Sigurður hafi beðið nokkurt tjón við það að verða af skipinu umrædda veiðiför.

Samkvæmt 13. gr. sjómannaálaganna nr. 41 frá 1930 getur hvor aðili sagt upp skiprúmssamningi, ef ráðningartíminn er óákveðinn, með eins dags fyrirvara, en þó þannig, að skipverji fari úr skiprúmi í íslenzkri fermingar- eða affermingarhöfn.

Samkvæmt framansögðu hefur stefndur ekki gætt þess að segja nefndum háseta, Sigurði Þórarínssyni, upp stöðunni með sólarhrings fyrirvara, áður en skipið lét úr höfn, og verður því þessi varnarástæða hans ekki tekin til greina. Þá er og leitt í ljós, að stefndur hefur vanrækt að tilkynna nefndum Sigurði, hvenær skipið skyldi láta úr höfn í umrætt skipti, en nefndur Sigurður hafði réttmæta ástæðu til að ætla, að skipið léti ekki úr höfn fyrir en þann 7. nóv. 1943 eftir kl. 8 f. h., en eins og áður er sagt, fór skipið um kl. 1—2 f. h. sama dag. Samkvæmt þessu verður að dæma stefndan til að bæta það tjón, sem nefndur Sigurður hefur beðið af þeim sökum, að hann varð af umræddri veiðiför skipsins, og þar sem hin umstefnda fjárhæð hefur ekki verið véfengd út af fyrir sig, en ekki hefur verið leitt í ljós gegn andmælum stefnanda, að nefndur Sigurður hafi aflað sér tekna með því að gegna öðrum störfum þann tíma, sem umrædd veiðiför stóð yfir, þá

ber að dæma stefndan til að greiða stefnanda hina umstefndu fjárhæð, kr. 3101.98 ásamt 5% ársvöxtum frá 4. jan. 1944 til greiðsludags og málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Í dóminum áttu sæti þeir Árni Tryggvason settur borgardómari og meðdómendurnir Geir Sigurðsson og Þorgrimur Sigurðsson skipstjórar.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndur, Tryggvi Ófeigsson f. h. eigenda b/v Júpiters, greiði stefnandanum, Sjómannafélagi Reykjavíkur, kr. 3101.98 með 5% ársvöxtum frá 4. jan. 1944 til greiðsludags og kr. 500.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 11. desember 1944.

Nr. 50/1943. **Db. Ingvars Guðjónssonar**

(Guðm. Í. Guðmundsson)

gegn

bæjarsjóði Siglufjarðar

(Einar B. Guðmundsson).

Útsvarsmál. Ómerking og heimvísun.

Dómur hæstaréttar.

Guðmundur Hannesson bæjarfógeti, sem kveðið hefur upp hinn áfrýjaða úrskurð, hafði áður sem formaður yfirskattanefndar Siglufjarðar lagt úrskurð á kæru áfrýjanda út af útsvari því, sem í máli þessu greinir. Bar héraðsdómara því að vikja sæti ex officio, þegar málið kom fyrir fógetaréttinn.

Samningu úrskurðarins er mjög áfátt. Ekki eru þar nefnd nöfn aðilja né kröfur, og greinargerð skortir að mestu leyti um málsatvik. Þessi meðferð er fjarri eðli málsins og brot á ákvæðum 2. mgr. 190. gr. og 193. gr. sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936.

Af framangreindum ástæðum verður að ómerkja hinn